



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 20. júní, 2007

Ákvörðun nr. 24/2007

### **Kaup SM Fjárfestinga ehf. á IOD ehf.**

#### **I.**

Með bréfi frá SM Fjárfestingum ehf., dags. 18. maí 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup SM Fjárfestinga á öllu hlutafé í IOD ehf. af BBen ehf. Bréfinu fylgdi samrunatilkynning, þar sem upplýsingagjöf er í samræmi við reglur nr. 881/2005 um tilkynningu samruna. Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 13. maí 2007, ársreikningur IOD fyrir árið 2006 auk annarra gagna. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

#### **II.**

Í tilkynningunni segir að aðdragandi samrunans hafi verið sá að eigendur IOD hefðu haft samband við SM Fjárfestingar til að kanna hvort fyrirtækið hefði áhuga á að kaupa allt hlutafé í IOD. Hafi það leitt til þess að hinn 13. maí sl. hafi verið gengið frá kaupsamningi þess efnis. Kemur fram í tilkynningunni að með kaupunum séu SM Fjárfestingar að styrkja stöðu sína sem heildsala með tölvuvörur. IOD verði eftir kaupun rekið með óbreyttu sniði.

IOD fæst eingöngu við innflutning og heildsölu á tölvubúnaði og starfar ekki á neinum öðrum markaði.

#### **III.**

Tengd félög við SM Fjárfestingar eru Sjóvarpsmiðstöðin ehf., Heimilistæki ehf., Max ehf. og Takkar ehf. Samkvæmt upplýsingum í samrunatilkynningu eru Sjóvarpsmiðstöðin og Heimilistæki einu fyrirtækin innan hópsins sem hafa starfað við heildsölu og þá nánast eingöngu heildsölu með raftæki. Fyrirtækin hafa í mjög litlum mæli selt tölvuvörur í heildsölu.

#### **IV.**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.



Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samruni muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. IOD starfar á öðrum markaði en þeim sem SM fjárfestingar og tengd félög hafa aðallega haslað sér völl á. Ekki verður séð að markaðsráðandi staða verði til við samrunann né að slík staða komi til með að styrkjast.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna IOD og SM fjárfestinga á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Með samningi dags. 13. maí 2007, keyptu SM Fjárfestingar ehf. allt hlutfé BBen ehf. í IOD ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson